

Svavar Sigmundsson

Hvað er *burn* í burnirót?

Tílefni þessarar greinar er viðtal Vilmundar Hansen við Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor í Bændablaðinu 21. júlí 2022, sem ber titilinn ‘Ein merkasta lækningajurt landsins,’ þar sem *burnirót* (*Rhodiola rosea*) er til umfjöllunar.

Þóra Ellen segir um uppruna heitisins: „Svo virðist sem *burn* eigi sér ekki neina samsvörun í skyldum málum og uppruni heitisins með öllu óljós.“ (Vilmundur Hansen 2022:14). Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:94) hefur heldur ekki ákveðna skoðun á uppruna nafnsins en hann segir í *Íslenskri orðsifjabók* að sér finnist orðmyndin *burni* óeðlileg, ætti að vera **byrni*. Hann segir enn fremur að nafnið eigi e.t.v. við svera og kubbslega rötina og þá hugsanlega skylt orðinu *burlufótur*, sbr. miðenska *burli* ‘sver, bólginn’.

Ásgeir hefur líklega ekki þekkt grein eftir Ólaf Halldórsson handritafræðing í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1973 um líkneskju-smíð, þar sem hann birtir texta úr handritinu AM 194 8vo, sem ritað var árið 1387. Þar stendur: „Síðan þurrt er, þá skaltu burna með skalri vargstönn eða stórri hundstönn. En þá er vel er skyggt skaltu dysta eftir sem best með léreftó.“ (Ólafur Halldórsson 1974:8, sbr. einnig *ONP*; texti færður til nútímastafsetningar). Í sambærilegum latneskum texta er höfð sögnin *polire* (Ólafur Halldórsson 1974:11). Sögnin *burna* merkir þá ‘fægja, skyggja’ sbr. ensku sögnina *burnish* ‘fægja (málm), pólera’ sömu merkingar. *Burnish* er komið úr fornfrönsku *burniss-*.

Lýsingu á sama handverki er að finna í handritinu *Sópuði* eða *Dægrastyttingu* eftir séra Gottskálk Jónsson í Glaumbæ í Skagafirði. Það er skrifað að mestu á árunum 1543–1569 og er nú varðveitt í Breska landsbókasafninu með safnnúmerið Add. 11242. Veturliði Óskarsson gerði grein fyrir þessum texta og birti hann í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1989. Þar er sögnin *brúnera* notuð í sömu merkingu og *burna* í fyrri texta. Í kafla um að *gjöra gullstaf* segir (Veturliði Óskarsson 1990:24): „Tak krít-menju eður brún-rautt, og bezt krít, og mel á hellu með æger (?) til máta þykkt og skrifa síðan þá stafi sem þú villt og lát þorna meir en til hálf. Tak síðan gull og sker sundur til máta og legg upp með pinsil, og tak brúnertann [þ.e. brúnertönn] og brúnera þegar þú finnur að þurrt er til þess að það skín.“ Nokkru síðar segir um það að *gullleggja*: „Sláttu gull, sker það til sem þú villt stafinn hafa til, og tak hvítu úr eggji og hrær í sundur í einni skál og lát upp á stafinn og þrykk strax gullið niður. Lát bíða þar til þurrt er <að> mestu; brúnera síðan með galtartönn og slétt með henni.“ Veturliði (1990:26–27) segir síðan um orðsifjarnar: „‘Brun(i)er-’, er af germönskum stofni (samstofna orðinu ‘brunn’ í íslensku); merkingin „fága, gljáfægja, dekkja“ er hins vegar upprunnin í rómönskum málum, sem hafa þegið þennan stofn að láni (fr. brunir, ít. brunire) og mun hann þaðan aftur kominn inn í miðlægþýsku, ‘brunêren’, og úr henni í skandinavísk mál.“

Sögnin *brunere* er nú í dönsku höfð um að ryðverja málum, en í orðabók Moths (*Moths Ordbog*), sem er söguleg orðabók um dönsku frá um 1700 segir um *brunere*: „kaldes det at trekke noget over med bladegûl, þa en kríde grûnd, og siden polere det blankt.“

Burnirótin er fyrst og fremst talin lækningajurt, en þó segir Björn Halldórsson í Sauðlauksdal í *Grasnytjum* sínum að hún sé einnig notuð í barkar stað til skinnaverkunar og verði skinnið þá gulleitt (Björn Halldórsson 1983:242). Ekki er þess getið í heimildum að burnirótin sé höfð til að ‘fægja’ hluti eins og sögnin *burna* er talin merkja en ekki er útilokað að svo hafi verið. En ljóst er að hún hefur barkandi áhrif og hefur einnig verið notuð við að barka skinn.

Orðmyndin *burn* hvk. er skráð hjá Jóni Ólafssyni úr Grunnavík í orðabók hans í AM 433 fol. frá 18. öld. Hann segir að sumir kalli (*rótina*) *burkn/borkn* og vitnar í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* og hljóðar sú tilvitnun svo í útgáfu hennar (Eggert Ólafsson 1975 II:38): „*Burn*, *Rhodiola*. Rót hennar, marin og hnoðuð saman við nýtt smjer, er notuð í þessum nyrztu héröðum til að lina útvortis þrautir (sem *Anodynum*). Einkum dugir hún vel, ef hún er lögð heit við verkinn.“

Færeyski náttúrufræðingurinn Nicolai Mohr segir í bók sinni *Forsøg til en Islandsk Naturhistorie* (1786:335) að *burn* hafi verið almennt heiti jurtarinnar á Íslandi. Í því sambandi má nefna að á Þormóðsstöðum í Eyjafirði er eina örnefnið sem er þekkt með samsettu myndinni *burnirót* á landinu, *Burnirótarklettur* þar sem „burnirót vex framan í miðjum klettinum“ (Nafnið.is). Björn Halldórsson (1983:237) segir um blóðrót sem er annað nafn á burnirót, að Færeyingar noti hana til að verka skinn og Niðaróssmenn fái dökkleitan purpuralit á ull sína af þessum rótum.

Mohr (1786:220) segir um not jurtarinnar á Íslandi: „Ýmsir hafa notað rótina til að lita ullarplögg græn, hún þá skorin í stykki í litarlöginn aðeins blandaðan álúni. Sé hún notuð til að barka með skinn þá gefur hún fagran, gulan lit.“ (Þýðing frá Þórði Tómassyni 2022:112).

Sú jurt sem helst hefur verið notuð sem ‘fægingarjurt’ er *eskigras* (Eqvisetum hyemale) sem sumir kalla *góubítill*. Mohr segir að það sé „det i Danmark bekiendte Skavgras, som dreiere, Snedkere, Gørtlere og andre Haandværksfolk bruge at slette og polere deres Arbeide med.“ (1786:223). Mohr segir þar einnig frá manni á Húsavík sem renndi tóbakspontur úr valbjörk og prófaði að nota eskigras til að fægja þær og fannst það betra en hákarlsroð. Í dansk-íslenskri orðabók Konráðs Gíslasonar (1851:423) er orðið *Skav(e)græs* þýtt eskigras, góibítill, eqvisetum hiemale. Mohr segir í bók sinni að í Álftafirði á Austurlandi kallist tegundin *Polypodium Filix-mas*, sama nafni og *Rhodiola rosea*, þ.e. *burn*, en aðrir kalli hana burkna. Nú er jurtin nefnd *stóriburkni* og vísindaheitið er *Dryopteris filix-mas* (sbr. Hörð Kristinsson 2010).

Í færeysku er nafnið *hjálpirót* haft um *Rhodiola rosea*. Í færeyskri orðabók Jens Christian Svabos (1746–1824), sem hann vann að allt til dauða síns, skrifar hann *Jaalpurêut*, þ.e. hjálpurót, og þýðir sem Vellugtende Fiirgjemme, *rhodiola rosea*. Mér hefur ekki tekist að finna þetta danska heiti annars staðar.

Í Færeyjum var ekki hægt að barka skinn með berki þar sem ekki óx þar skógur. Í staðinn var notuð rótin af jurtinni *Potentilla erecta*, sem fékk þar nafnið *børka* og jurtin sjálf *børkuvísa* (Poulsen 2004:284). Hún nefnist *engjamura* á Íslandi en er sjaldgæf hér (Hörður Kristinsson 2010).

Niðurstaðan er sú að líkur séu til að *burn* í burnirót sé leidd af tökusögninni *burna*, ‘fægja, skyggja’ og merki þannig ‘fægirót’ þó að heimildir nefni ekki beinum orðum þau not ratarinnar. Þó er ljóst að rótin hefur verið notuð í lækningaskyni og við skinnverkun. Orð-

myndin *burni* er því sambærileg við orðmyndun eins og *fægi-lögur* (af *fægja*) og *bæti-efni* (af *bæta*). Ólafur Halldórsson telur að textinn í AM 194 8vo þar sem *burna* er notuð sé frá tímabilinu um 1300 til 1350 en *brúnera* kemur fyrir í texta frá 16. öld. Þarna virðast tvær myndir sama tökuorðs í íslensku hafa verið notaðar hvor á sínum tíma en hverfa síðan báðar.

Heimildir

- AM 433 fol. Orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. Handrit í Árnastofnun. Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Björn Halldórsson. 1783. *Grasnytjar*. Kaupmannahöfn. Endurútg. 1983 í *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*. Gísli Kristjánsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar. Reykjavík: Búnaðarfélag Íslands.
- Eggert Ólafsson. 1975. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*. Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenzkaði árið 1942. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Hörður Kristinsson. 2010. *Íslenska plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Mál og menning.
- Konráð Gíslason. 1851. *Dönsk orðabók með íslenzkum þýðingum*. Kaupmannahöfn.
- Mohr, Nicolai. 1786. *Forsøg til en Islandsk Naturhistorie*. København.
- Moths Ordbog = Moths Ordbog*. <https://mothsordbog.dk/>.
- Nafnið.is* Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://nafnið.is/>.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog / A Dictionary of Old Norse Prose*. <https://onp.ku.dk/>.
- Ólafur Halldórsson. 1974. Líkneskjusmið. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1973 70:5–17.
- Poulsen, Jóhan Hendrik Winther. 2004. *Mál í mæti. Greinasavn*. Tórshavn: Føroya Fróðskaparfelag.
- Svabo, Jens Christian 1966. *Dictionarium færoense. Færøsk-dansk-latinsk ordbog. Udgivet efter håndskrifterne af Chr. Matras. I. Ordbogen*. København: Munksgaard.
- Veturliði Óskarsson. 1990. Að mála upp á tré. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1989 86:21–33.
- Vilmundur Hansen. 2022. Rannsóknir á burnirót: Ein merkasta lækningajurt landsins. *Bændablaðið* 21. júlí, bls. 14–15. [Viðtal við Þóru Ellen Þórhallsdóttur.]
- Þórður Tómasson. 2022. *Fræðabálkur að ferðalokum*. Efni skráð 2020–2021. Selfossi: Sæmundur.

Lykilorð

orðsifjafræði, plöntunöfn

Keywords

etymology, plant names

Abstract

The article deals with the origin of *burn-* in the word *burnirót* 'roseroot'.

Svavar Sigmundsson
rannsóknarprófessor emerítus
svavar.sigmundsson@arnastofnun.is

